

FLOKKSSTARF



UNGIR FRAMSÓKNARMENN

Fundur verður haldinn í húsakynnum Framsóknarflokksins, Nóatúni 21, sunnudaginn 17. sept. kl. 20:00

Fundarefni:

Þriðja ríkisstjórn Steingrims Hermannssonar

Framkvæmdastjórn Sambands ungra framsóknarmanna



Halldór Ásgrímsson



Jón Kristjánsson

Halldór Ásgrímsson og Jón Kristjánsson, ræða stjórnmalviðhorfið og atvinnumál á eftirtöldum stöðum á Austurlandi:

Eskifirði í Valhöll, sunnudaginn 17. sept. kl. 20.30.
Reyðarfirði í verkalyðshúsinu, mánudaginn 18. sept. kl. 20.30.
Seyðisfirði í Herðubreið, þriðjudaginn 19. sept. kl. 20.30.
Neskaupstaði í Egilsbúð, miðvikudaginn 20. sept. kl. 20.30.

Fundirnir eru öllum opnir.

Halldór Ásgrímsson
Jón Kristjánsson.



Framsóknarmenn í Keflavík

Við byrjum vetrarstarfið með því að hittast nk. mánudag, 18. september, kl. 20.30 í lónsveinahúsinu, Tjarnargötu 7.

Dagskrá: Vetrarstarfið.


Undirbúningur fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Leggið starfinu lið.
Mælið vel og stundvíslega.
Heitt á könnunni.

Framsóknarfélögin í Keflavík.



Drífa Sigfúsdóttir



Magnús Haraldsson



Keflvíkingar

Bæjarfulltrúar Framsóknarflokksins í Keflavík verða með viðtalstíma nk. mánudag, 18. september, kl. 20.30-22.00 í lónsveinahúsinu, Tjarnargötu 7. Allir velkomnir.

Framsóknarfélögin í Keflavík.

Kópavogur – Opið hús

Framsóknarfélögin í Kópavogi hafa opið hús á miðvikudögum kl. 17.30 til 19.00.

DAGBÓK



Hjónin Guðmundur P. Valgeirsson og Jensína Óladóttir, sem eiga demantsbrúðkaup í dag. Myndin er tekin fyrir um 20 árum á góðviðrisdegi heima á Bæ.

Árnað heilla: Demantsbrúðkaup

Hjónin Jensína Óladóttir og Guðmundur P. Valgeirsson, Bæ í Arneshreppi, eiga 60 ára brúðkaupsafmæli, eða demantsbrúðkaup í dag, föstudaginn 15. september.

Jensína er fædd 18. febrúar 1902, en

Guðmundur 11. maí 1905. Jensína hefur gegnt ljósmóðurstörfum í Arneshreppi frá 1928, að fjórum árum undanskildum. Pau Guðmundur og Jensína hafa búið allan sinn búskap að Bæ í Arneshreppi á Ströndum.

Árnað heilla

80 ára er í dag, föstud. 15. sept., frá Ingibjörg Þorsteinsdóttir frá Langholti í Flóa. Eiginmaður Ingibjargar var Hróbjartur Árnason í Burstagerðinni, hann lést 11. febr. 1953.

Ingibjörg tekur á móti gestum í Safnaðarheimili Laugarneskirkju í dag milli kl. 17:00 og 20:00.

Inntökupróf fyrir nýja söngvara í Mótettukór Hallgrímskirkju

Mótettukór Hallgrímskirkju er að hefja áttunda starfsár sitt. Á verkefnaskrá vetrarins eru allar mótettur eftir J.S. Bach, sex að tölu, en þær verða fluttar á Listahátíð í júní á næsta ári. Af öðrum verkefnum má nefna Jóláratóru eftir Saint-Saëns, fyrir 5 einsöngvara, kór, strengi, hörpu og orgel. Æfingar eru tvisvar í viku. Litlir hópar kórfélaga leiða safnaðarsönginn í guðsþjónustum á sunnudögum og á hátíðum kemur allur kórinn fram.

Kórinn getur bætt við sig örfáum söngvurum og býður þeim sem áhuga hafa til inntökuprófs í Hallgrímskirkju föstud. 15. sept. kl. 17:00-19:00 og laugard. 16. sept. kl. 10:30-12:30. Inntökuskilyrði eru að menn séu á aldrinum 18-40 ára og hafi einhverja reynslu af söng eða hljóðfæraleik. Stjórnandi Mótettukórs Hallgrímskirkju er Hörður Áskelsson.



Halldór Ásgrímsson

Sunnlendingar

Almennur stjórnmalafundur með Halldóri Ásgrímssyni verður haldinn á Hótel Selfoss, fimmtudaginn 28. september kl. 20.30. Allir velkomnir.

Framsóknarfélag Selfoss.




Sunnlendingar Félagsvist

Spilað verður að Eyrarvegi 15, Selfossi á þriðjudögum, 19. sept., 26. sept. og 3. okt. kl. 20.30. (Stök kvöld).

Góð verðlaun í boði.
Allir velkomnir.

Framsóknarfélag Selfoss.

Myndlist



Gunnar R. Bjarnason með eina af sýningarmyndum sínum

Hafnarborg:

Sýning Gunnars R. Bjarnasonar

Gunnar R. Bjarnason opnar sýningu í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, laugardaginn 16. september. Á sýningunni verða um 50 pastel myndir.

Gunnar lærði leiktjaldamálun við Þjóðleikhúsið 1953-1956 og sótti jafnframt námskeið í Myndlista- og handíðaskólanum. Hann vann síðan við leiktjaldamálun hjá Þjóðleikhúsinu, en hélt til Svíþjóðar 1957 og stundaði nám við Konstfackskolan í Stokkhólmi. Einnig hefur hann farið í námsferðir til Englands, Danmerkur, Svíþjóðar, Tékkóslóvakíu og Póllands.

Frá 1958-'74 starfaði Gunnar sem leikmyndateiknari hjá Þjóðleikhúsinu, en 1974-'88 á eigin vinnustofu, en þá tók hann við starfi yfirleikmyndateiknara Þjóðleikhússins.

Þetta er þriðja einkasýning Gunnars, en hann hefur einnig tekið þátt í samsýningum myndlistarmanna og leikmynda-teiknara í Reykjavík og Kaupmannahöfn og hlotið margs konar viðurkenningar fyrir list sína.

Sýningin í Hafnarborg stendur frá 16. september til 1. október og er opin kl. 14:00-19:00 alla daga nema þriðjudag.

Ferðir

Laugardagsganga Hana nú

Hin vikulega laugardagsganga Hana nú í Kópavogi verður á morgun, laugardaginn 16. september. Lagt af stað frá Digranesvegi 12 kl. 10:00.

Markmið göngunnar er: Samvera, sýrni og hreyfing. Verið með í bæjarrollinu. Nýlagað molakaffi.

Frá Félagi eldri borgara í Reykjavík

Göngu-Hrólfar hittast kl. 10:00 á laugardaginn á skrifstofu félagsins að Nóatúni 17.

Félag eldri borgara, Kópavogi

Farin verður síðdegisferð til Nesjavalla laugardaginn 16. september kl. 13:30 frá Sparisjóði Kópavogs.

Ekið verður um hinn nýja veg (hitaveituvegin) um Mosfellsheiði. Jarðfræðingur verður leiðsögumaður og veitir þátttakendum innsýn í það hvernig háhitasvæði Nesjavalla er beislað.

Farseðlapantanir og sala á skrifstofunni, sími 41226, eftir kl. 13:00 á föstudag.


Erla sýnir á Kjarvalsstöðum

Erla Þórarinsdóttir opnar sýningu á Kjarvalsstöðum í austursal, laugardaginn 16. september kl. 14:00.

Erla lauk námi frá Konstfackskólanum í Stokkhólmi 1981 og hefur síðan unnið og starfað að myndlist í Svíþjóð, New York og hér heima. Hún hefur haldið einkasýningar í Reykjavík, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn og New York og tekið þátt í fjölda samsýninga.

Á Kjarvalsstöðum verða til sýnis olíumyndir unnar á striga og á tré. Þetta eru myndaraðir sem kallast „seglin“, „landið“ og „farangurinn“. „Myndirnar eiga upptök sín hérlendis og í loftinu umhverfis landið,“ segir í fréttatilkynningu frá Erlu Þórarinsdóttur.

Sýningin er opin alla daga kl. 11:00-18:00 til 1. október.



Eitt af verkum Páls á sýningunni í Nýhöfn, Hafnarstræti 18

Páll frá Húsafelli sýnir í Nýhöfn

Páll Guðmundsson frá Húsafelli opnar sýningu í Listasalnum Nýhöfn, Hafnarstræti 18, laugardaginn 16. september kl. 14:00-16:00. Á sýningunni eru málverk, öll af fólki og höggmyndir unnar í grjót úr Húsafelli.

Páll er fæddur í Reykjavík 1959. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1977-'81. Einnig var hann við nám í Listaháskólanum í Köln, hjá prófessor Burgeff.

Þetta er ellefta einkasýning Páls, en hann hefur einnig tekið þátt í samsýningum.

Sýningin, sem er sölusýning, er opin virka daga kl. 10:00-18:00 og kl. 14:00-18:00 um helgar. Henni lýkur 4. október.